

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
Skuggasundi 1
101 Reykjavík

Reykjavík, 22.12.2022
Tilvísun: 202212-0209/0.03.02

Efni: Umsögn Vinnueftirlitsins um drög að reglugerð um meðhöndlun úrgangs

Vinnueftirlitið vísar til draga að reglugerð um meðhöndlun úrgangs, sem birt voru til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda þann 8. desember 2022.

Vinnueftirlitið hefur haft vinnuáðstæður starfsfólks sem sinnir sorphirðu til skoðunar um nokkurn tíma og virðist sem að áðstæður þess sé víða þannig að hætta er á líkamlegu ofálagi. Slíkt álag getur leitt til stoðkerfisvandamála, sem geta komið fram strax, fljótlega eða síðar á lífsleiðinni, svo sem í handleggjum, öxlum, baki, mjöðmum og hnjám. Áðstæður eru oft þannig að nokkur þrengsli er í sorpgeymslum og fara þarf með þung og ómeðfærileg sorpílát upp halla og/eða um langa vegalengd að aðkomu sorphirðubíls. Áðstæður versna töluvert í snjó eða hálfu. Við mat á því hvort umræddar áðstæður séu viðunandi þarf að taka tillit til ýmissa samverkandi þátta, s.s. þyngd og lögun sorpílláta, áðstæður við meðhöndlun ílátanna og aðgengi, t.d. undirlag, vegalengd og þrengsli.

Svo unnt sé að koma í veg fyrir vinnuslys eða stoðkerfisvanda starfsfólks sem sinnir sorphirðu telur Vinnueftirlitið mikilvægt að viðmið þau er gilda um aðgengi að sorpíllátum fari betur saman við þau viðmið er gilda um áhættuþætti sem áhrif hafa á hreyfi- og stoðkerfi við vinnu. Á þetta ekki síst við þar sem stoðkerfisvandamál eru ein algengasta orsök örorku á Íslandi.

Í ljósi þess telur Vinnueftirlitið mikilvægt að hugað sé að því að þær reglur sem lagt er til að gildi um meðhöndlun úrgangs fari betur saman við vinnuverndarsjónarmið þannig að unnt sé að tryggja góðar vinnuáðstæður starfsfólks sem annast sorphirðu með tilliti til framangreindra áhættuþátta við vinnu, sbr. lög nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum, og reglum settum með stoð í þeim.

Verði óskað eftir frekari umsögn um málið mun stofnunin verða við því.

Virðingarfyllt
fh. Vinnueftirlitsins



Hanna S. Gunnsteinsdóttir



Elsa Jónsdóttir